

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Tækniminjasafns Austurlands.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 4. október 2013 stofnskrá Tækniminjasafns Austurlands.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 5. júlí 2018.

F.h. safnaráðs,

Póra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ fyrir Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði.

1. gr.

Stofnunin heitir Tækniminjasafn Austurlands og er starfssvæði hennar allt landið með áherslu á Austurland.

2. gr.

Aðsetur safnsins skal vera í Seyðisfjarðarkaupstað, Hafnargötu 44.

3. gr.

Safnið starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna og eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

4. gr.

Verksvið safnsins er söfnun og varðveisla muna, mannvirkja og annarra gagna er snerta sögu tækniþróunar á starfssvæðinu. Safnið starfar einnig sem byggðasafn um almenna sögu Seyðisfjarðar. Þetta má tilgreina nánar í stefnuskrá safnsins. Hafa skal um þetta náðið samráð við önnur sérsöfn á starfssvæðinu.

5. gr.

Safnþættir skulu m.a. vera elstu minjar Landssímans, er settar verða upp og varðveittar í upprunalegum húsakynnum, svo og Fjarðarselsvirkjun ásamt tilheyrandi munum.

6. gr.

Safnið skal starfa samkvæmt stefnuskrá (söfnunar- og sýningarstefnu) sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

7. gr.

Alla þá muni og safnverðmæti, er safninu berast, skal skrásetja vandlega, merkja, forverja og koma í trygga vörslu. Hvorki má selja né gefa þá muni sem safnið hefur eignast, en láta má þá í skiptum fyrir aðra grip, liggi einróma samþykkt stjórnar safnsins fyrir, nema öðruvísi sé áskilið af gefanda/seljanda. Ekki má farga gripum nema í sérstökum undantekningartilfellum og með einróma samþykki stjórnar. Ekki er safninu skylt að taka við munum er sérstakar kvaðir fylgja um varðveislu.

8. gr.

Hlutverk safnsins er í höfuðatriðum þrjúþætt: Í fyrsta lagi skal kappkostað að safna, skrá og varðveita tækniminjar og minjar sem tengjast sögu Seyðisfjarðar í samræmi við safnastefnu. Í öðru lagi skal safnið vera kennslu- og fræðistofnun fyrir almenning. Í þriðja lagi skal safnið stuðla að og stunda rannsóknir í samræmi við söfnunar- og sýningarstefnu þess. Þessum markmiðum skal náð með föstum sýningum, sér- eða farandsýningum í safninu eða utan þess og með markvissu samstarfi við fræðimenn og skóla. Stjórn og starfslið ákveða nánar stefnuna í starfsemi þess á hverjum tíma með hliðsjón af hlutverki safnsins og stefnuskrá.

9. gr.

Safnið hefur heimild til að varðveita hluta af safnminjum utan safnasvæðis. Ráðstöfun og meðferð slíkra muna skal þó bundin ákvörðunum stjórnar safnsins.

10. gr.

Safnið er sjálfeignarstofnun í umsjá Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem felur stjórn safnsins meðferð á málum þess. Stjórn safnsins skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Fulltrúa í stjórn skipa eftirtaldir aðilar: Seyðisfjarðarkaupstaður (2), málmíðnaðardeild Afls, starfsgreinafélags Austurlands (1).

11. gr.

Hllutverk stjórnar er að:

- tryggja að safnið starfi að lögum,
- tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu,
- tryggja sjálfstæði, fjármögnun og stefnumótun,
- tryggja að safnstjóri sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.

12. gr.

Greiða má stjórninni fyrir fundasetu og skal upphæðin ákveðin á aðalfundi í samræmi við samsvarandi fundasetu hjá nefndum bæjarins.

13. gr.

Stjórn safnsins heldur aðalfund á tímabilinu ágúst-nóvember ár hvert.

Á honum skal leggja drög að ársskýrslu, reikningsuppgjöri, fjárhags- og starfsáætlun fyrir komandi ár og ganga frá styrkumsóknum til aðstandenda safnsins og annarra sem leggja því til tekjur. Þessi gögn sendir síðan formaður stjórnar til aðstandenda safnsins og annarra sem leggja því til tekjur. Safnstjóri sendir síðan gögnin til aðstandenda safnsins og Þjóðminjasafns strax og þau eru tilbúin.

14. gr.

Á fyrsta fundi stjórnar skiptir hún með sér verkum, kýs formann, ritara og varaformann. Formaður annast jafnframt fjárreiður á vegum stjórnar. Reikningar skulu skoðaðir og áritaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda með það að markmiði að safnið geti lagt fram ársreikning í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

15. gr.

Stjórnin heldur að öðru leyti fundi eftir því sem þurfa þykir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála á stjórnarfundum. Standi atkvæði á jöfnu sker atkvæði formanns úr.

16. gr.

Fastar tekjur safnsins eru árleg framlög (styrkir) aðstandenda þess. Þess utan má safnið afla sér tekna með aðgangseyri, vörusölu og þjónustu sem samræmist starfsreglum og virðingu safnsins svo og með almennum verkefnastyrkjum.

17. gr.

Arður af starfsemi safnsins skal ganga til safnsins sjálfs.

18. gr.

Stjórn safnsins er heimilt að ráða starfskraft eftir því sem fjárhagur leyfir til að vinna að daglegum störfum safnsins. Starfsmanni eða fulltrúa starfsmanna er heimilt að sitja fundi safnstjórnar og hefur þar tillögurétt og málfrelsi.

19. gr.

Við safnið skal starfa safnstjóri (forstöðumaður) í a.m.k. 50% stöðu. Safnstjóri starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn þess. Hann hefur sjálfstæði til að taka ákvarðanir fyrir safnið, innan samþykktis fjárhagsramma, um starfsmannamál, söfnun minja, lán á minjum og vinnur í nánnum tengslum við stjórn að stefnumótun. Hann hefur aðgengi að aðstandendum safnsins. Safnstjóri skal fylgja siðareglum ICOM.

20. gr.

Stjórn safnsins skal hafa sem nánasta samvinnu við höfuðsafn sitt, Þjóðminjasafn Íslands og Minjastofnun Íslands. Þannig er Þjóðminjaverði (eða fulltrúa hans) og forstöðumanni Minjastofnunar (eða fulltrúa hans) heimilt að sitja fundi safnstjórnar og skal tilkynnt um það með fyrirvara.

21. gr.

Verði nokkru sinni ákveðið að leggja Tækniminjasafn Austurlands niður skal safnkosti ráðstafað til viðurkennds safns eða safna, sbr. 9. gr. safnalaga nr. 141/2011, að höfðu samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti í samræmi við ákvæði safnalaga nr. 141/2011.